

Nd.

573. Frumvarp til laga

um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra manna í Sauðárkrókshreppi á almennum, lögmætum hreppsfundi, og meiri hluta sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, er hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps heimilt að leggja sérstakt gjald á allar aðfluttar vörur til Sauðárkróks, sem vörutollur er greiddur af til rikissjóðs.

2. gr.

Gjald þetta má nema allt að 50% af vörutollinum eins og hann er eða verður á hverjum tíma, og skal sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu skylt að innheimta gjaldið ásamt vörutollinum og standa hreppsnefndinni skil á því í lok hvers ársfjórðungs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936 og gilda aðeins fyrir það ár.